


Laugarásvegur 61 (fsp). Garðskáli og svalir.

Lögð fram fyrirspurn Indriða Björnssonar, dags. 16. nóvember 2022, um að byggja garðskála og setja svalir götumegi á húsið á lóð nr. 61 við Laugarásveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Loftmynd af Laugarásvegi 61.



Ásýnd húss frá vesturhlið, ja.is 2022.


Skipulagsleg staða

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir umrædda lóð. Hverfisskipulag fyrir Laugardal er í vinnslu. Grenndarkynna þarf byggingarleyfisumsókn.

Umsögn

Um er að ræða íbúðarhús sem hannað var af Hannesi Kr. Davíðssyni árið 1951. Húsið telst vera byggingarlist í háum gæðaflokki og mikilvægt að varðveita upphaflega gerð þess.

Samkvæmt fyrirspurn er óskað eftir að byggja garðskála á austurshlið hússins. Auk þess er óskað eftir að setja svalir á 1. hæð hússins að sunnanverðu, þar sem lítið hallandi bárujárnsþak er á steyptri plötu. Húsið við hliðina númer 63, sem er svipað húsinu að Laugarásvegi 61 og er hannað af sama arkitekt.



Útlit suður, austur og sneiðing. Hús hannað af Hannesi Kr. Davíðssyni 1951.

Mikilvægt er að útlitsbreytingar og viðbætur við hús taki mið af byggingarstíl þess og leitast skal við að halda í upphafleg sérkenni og útlit hússins.

Nánari leiðbeiningar um svalir og útlitsbreytingar má nálgast á heimasíðu Hverfisskipulags, <https://reykjavik.is/leidbeiningar-hverfisskipulagsins>. Rétt er að taka það fram að leiðbeiningarritin eiga við alla borgina, líka þar sem hverfisskipulag er enn í vinnslu.



Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, með vísan til umsagnar.
- Byggingarleyfisumsókn þarf að grenndarkynna.
- Vakin er athygli á Gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1111/2014 vegna kostnaðar við skipulagsvinnu o.fl.

f.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.